



Íslenska fyrir útlendinga

Mat þátttakenda á íslenskunámskeiðum

Austurbrúar 2015-2021

Tinna K. Halldórsdóttir
Berglind Einarsdóttir

MAÍ 2021



AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta



Efnisyfirlit

Myndaskrá	1
Töfluskrá.....	1
Helstu niðurstöður	2
Könnun meðal þátttakenda á íslenskunámskeiðum Austurbrúar	3
Niðurstöður	3
Umræður og ályktanir.....	12
Næstu skref varðandi þróun íslenskukennslu gætu falist í:.....	13
Viðauki – Spurningalisti.....	14

Myndaskrá

Mynd 1. Ánægja þátttakenda með námskeiðið og framkvæmd þess	3
Mynd 2. Ánægja þátttakenda með námskeiðið og framkvæmd þess	4
Mynd 3. Mat nemenda á kennslu m.t.t. eigin getustigs	5
Mynd 4. Viðhorf svarenda til frammistöðu kennara	6
Mynd 5. Viðhorf þátttakenda til íslenskunámskeiðsins og hvernig það hefur nýst þeim.....	7
Mynd 6. Sjálfmetin samfélagsþekking nemenda á íslenskunámskeiði	8
Mynd 7. Sjálfmetinn árangur nemenda á íslenskunámskeiði.....	9
Mynd 8. Sjálfmetinn árangur nemenda á íslenskunámskeiði.....	9
Mynd 9. Sjálfsmat á stöðu þátttakenda varðandi íslenskukunnáttu	10
Mynd 10. Sjálfsmat á stöðu þátttakenda varðandi íslenskukunnáttu	10

Töfluskrá

Tafla 1. Athugasemdir svarenda varðandi skipulag	4
Tafla 2. Athugasemdir svarenda varðandi námsefnið	5
Tafla 3. Athugasemdir svarenda varðandi námsmatið	5
Tafla 4. Athugasemdir svarenda varðandi kennslu.....	6
Tafla 5. Athugasemdir svarenda varðandi kosti íslenskunámskeiðsins	7
Tafla 6. Athugasemdir svarenda varðandi það sem má betur fara á íslenskunámskeiðum	8

Helstu niðurstöður

- Könnun var gerð vorið 2021 og send á alla skráða þátttakendur á íslenskunámskeiðum Austurbrúar 2015 til 2021, sem voru 351. Alls bárust 87 gild svör. Tilgangurinn er að styðja við þróun íslenskukennslu fyrir útlendinga.
- Þátttakendur voru almennt ánægðir með námskeiðin, skipulag þeirra, námsgögn og námsmat.
- Almennt telja þátttakendur að námskeiðin mæti þeirra getustigi.
- Þátttakendur töldu námskeiðin almennt skemmtileg og gagnleg í leik og starfi.
- Nemendur telja almennt að kennarar standi undir væntingum.
- Þátttakendur telja sig fá ágæta fræðslu um íslenskt samfélag og rúmlega helmingur telur að fræðsla um austfirskt samfélag sé góð.
- Stærsti hluti þátttakenda bætir mjög orðaforða og hlustunarskilning en þriðjungur taldi sig ekki hafa bætt málfræðikunnáttu eða ritun.
- Flestir þátttakendur meta eigin stöðu í íslensku þannig að þeir geti tekið þátt í samtölum um einföld dagleg mál, geti ritað einfaldan texta og geti lesið sér til gagns. Minnihluti telur sig hafa færni í að skilja sérhæfð samtöl eða telur sig geta ritað flóknari texta.

Könnun meðal þátttakenda á íslenskunámskeiðum Austurbrúar

Þróunarverkefni í íslensku fyrir útlendinga er nýtt verkefni á verkefnaskrá Austurbrúar. Hluti af því er að meta árangur á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga eins og þau hafa verið sett fram undanfarin ár. Í því skyni var sett saman könnun (sjá spurningalista í viðauka 1) sem send var til skráðra þátttakenda á námskeiðum Austurbrúar 2015 til 2021. Spurt var um fjölmarga þætti s.s. varðandi upplifun, viðhorf til kennslu, árangur og óskað eftir ábendingum um það sem vel væri gert og það sem betur má fara.


Tilgangurinn er að finna þá þætti sem vel hefur tekist til með sem og þá sem þarf að bæta með það að markmiði að þróa gagnvirkt app eða forrit sem styður við íslenskunám einstaklinga með annað móðurmál. Könnunin var send á 351 netfang, af þeim virtust rúmlega 90 netföng óvirk. Gild svör voru 87 sem gerir 37% svarhlutfall. Könnunin var gefin út á þremur tungumálum; íslensku (7 svör), ensku (47 svör) og pólsku (33 svör). Hún var opin frá 15. apríl til 4. maí.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og ályktað útfrá þeim um næstu skref í þróun íslenskunáms fyrir útlendinga.

Niðurstöður

Niðurstöður eru teknar saman með lýsandi tölfræði sem sýnir svörun sem hlutfall. Allflestar spurningar voru settar upp á skala með fjórum svarmöguleikum frá jákvæðu til neikvæðs s.s. Mjög ánægður, Frekar ánægður, Frekar óánægður, Mjög óánægður. Til að sýna betur mun á jákvæðum og neikvæðum viðhorfum voru svörin einnig tekin saman þannig að þau sýndu annars vegar þá sem voru ánægðir/jákvæðir og hinsvegar neikvæðir/óánægðir.

HVERSU ÁNÆGÐ/UR VARST ÞÚ MEÐ




Mynd 1. Ánægja þátttakenda með námskeiðið og framkvæmd þess

Spurt var hversu ánægðir þátttakendur hefðu verið með námskeiðið almennt, skipulag þess, námsgögn og námsmat. Ánægja með námskeiðið og skipulag þess var almennt mikil og minnihluti sem lýsti óánægju með einhvern þátt í skipulagi og framkvæmd námskeiðsins. Tæplega fimmtungur lýsti óánægju með námskeiðið almennt og milli 10%-15% voru óánægðir með skipulag, námsgögn eða námsmat.

Ef svarmöguleikarnir eru teknir saman í jákvæða svörun og neikvæða svörun er niðurstaðan enn skýrari.

HVERSU ÁNÆGÐ/UR VARST ÞÚ MEÐ



Mynd 2. Ánægja þátttakenda með námskeiðið og framkvæmd þess

Þátttakendur voru beðnir að skrifa hvað það væri sem helst mætti bæta varðandi skipulag. Helst töldu þátttakendur að getuskipta þyrfti betur og þá leyfa smærri hópa. Fjölmargar ábendingar komu fram varðandi það að mikilvægt væri að fá kennara og skýringar á pólsku, sérstaklega varðandi málfræði. Nemendur bentu einnig á að enska ætti ekki að vera kennslutungumál og mikilvægt að nemendur sem ekki skilja neina ensku séu saman í hópi. Nemendur töldu einnig að fara mætti á kerfisbundnari hátt gegnum efnið. Margir voru mjög ánægðir með tímasetninguna og töldu ágætt að mæta seinnipart og á kvöldin en fleiri athugasemdir voru á þá leið að betra væri ef námskeiðin gætu tengst betur vinnudeginum t.d. í hádeginu eða í kaffitímum á morgnana. Erfitt væri að setjast á skólabekk á kvöldin eftir langan vinnudag.

Tafla 1. Athugasemdir svarenda varðandi skipulag

HVERNIG MÆTTI BÆTA SKIPULAG ÍSLENSKUNÁMSKEIÐSINS (SKIPULAG, TÍMASETNING, LENGD)

Nauðsynlegt að hafa samfellu í framboði námskeiða. Það ætti að leyfa litla hópa sem eru 5 eða færri á litlum og einangruðum stöðum eins og Seyðisfirði.

Tímarnir eru oft mjög seint að deginum og þreyta í mannskapnum eftir langan vinnudag

Ekki ætti að setja þá sem ekki tala ensku á námskeið með þeim sem tala ensku.

Námskeiðin þurfa að vera kerfisbundnari. Fylgja betur kennslubók. Skilja á milli kennslubókar og viðbótarefnis betur.

Tengja við vinnuumhverfi nemenda.

Minni hópar á sama stigi. Skipta eftir getu en ekki setja alla í sama flokk

Bæta skipulagið. Oft mjög óreiðukennt. Ekki hoppa úr einu efni í það næsta heldur vinna í gegnum kennslubókina í litlum skrefum.

Kennarinn ætti að kunna/tala pólsku á námskeiðum fyrir þá sem eru með pólsku að móðurmáli.

Tímarnir mættu gjarnan vera oftar og jafnvel lengri. Námskeiðin sjálf mættu jafnvel vera lengri.

Það má gjarnan vera heimanám.

Spurt var um hvernig mætti bæta námsefnið og kom þar ýmislegt fram. Margir óska eftir meira og betra efni um málfræði, jafnvel aukaefni um málfræði til viðbótar við kennslubókina. Nemendur komu með þó nokkrar athugasemdir um að kennari færi óskipulega gegnum efnið og vildu sjá betra og formfastara skipulag og minntust þar á að fara gegnum kennslubókina á skipulagðari hátt og greina betur milli efnis í bók og viðbótarefnis frá kennara. Hópur

nemenda vill gjarnan meira efni varðandi málfræði og telja sig ekki fá nægjanlega góða leiðsögn þar. Ennfremur óska nemendur eftir fleiri samtalsæfingum og jafnvel fleiri skriflegum verkefnum og heimaverkefnum.

Tafla 2. Athugasemdir svarenda varðandi námsefnið

HVERNIG MÆTTI BÆTA NÁMSEFNIÐ?

Betri málfræðibækur, meira efni í málfræði. Læra meira um beygingar.

Fleiri eða betri námsbækur. Þjóða upp á meira aukaefni.

Nota kennslubókina mun betur. Oft ekki nógu skipulagt og hoppað milli kafla og efnis.

Tíminn er of stuttur. Bæta við heimavinnu til að fara í gegnum allt efnið.

Hafa fleiri skrifleg verkefni. Fara gegnum verkefni í tímum og gera leiðréttingar.

Hafa fleiri samtalsæfingar í tímum.

Kenna orðaforða um tæki og tól.

Kennsluefnið mætti vera til á pólsku.

Námsefnið mætti vera aðgengilegt sem sjálfsnám.


Spurt var um viðhorf nemenda til námsmats á íslenskunámskeiðum og komu fram þó nokkuð margar athugasemdir sem flestar gengu út á það sama, að það væri gagnlegt að hafa próf, bæði lokapróf og stöðupróf gegnum námskeiðið. Sumir þátttakendur myndu gjarnan vilja geta sýnt fram á árangur sinn og stöðu hjá vinnuveitanda eða á vinnumarkaði og fá þá einkunnir og stöðumat. Einnig komu fram ábendingar um að nemendur sem ekki ná markmiðum námskeiðs ættu að sitja það aftur.

Tafla 3. Athugasemdir svarenda varðandi námsmatið

HVERNIG MÆTTI BÆTA NÁMSMATIÐ?

Hafa próf, bæði lokapróf og stöðupróf á námskeiðinu. Ekki bara staðist eða ekki staðist. Einkunnir væru gagnlegar. Fyrir suma er mikilvægt að geta sýnt fram á árangur t.d. í vinnu.


Þeir sem ná ekki markmiðum námskeiðs eiga að endurtaka það.



Mynd 3. Mat nemenda á kennslu m.t.t. eigin getustigs

Nemendur voru spurðir hvort þeim hefði þótt kennslan á námskeiðinu hæfa sínu getustigi þ.e. hvort kennari og eða námsefni hefði komið til móts við þeirra getu. Meirihluti taldi svo vera eða rúm 75%. Í gegnum athugasemdir má lesa að það sem helst þarf að bæta varðandi þennan þátt er samsetning hópa og miðlun efnis.

HVERNIG VAR



Mynd 4. Viðhorf svarenda til frammistöðu kennara

Nemendur voru spurðir um miðlun og þekkingu kennara á námsefninu. Langflestir eru mjög ánægðir með framlag kennara á námskeiðinu, 90% voru ánægðir með miðlun kennara og 97% ánægðir með þekkingu kennara. Margar athugasemdir komu fram varðandi ánægju með kennara og viðmót kennara sem er yfirleitt jákvætt og hvetjandi. Sumir nemendur telja sig ekki hafa fengið nægjanlega skýr svör og útskýringar hjá kennara á spurningum sínum og vangaveltum en ekki kom fram hvers eðlis þær voru og því ekki er hægt að skoða það betur.

Tafla 4. Athugasemdir svarenda varðandi kennslu

HVAÐ GETUR ÞÚ SAGT UM KENNSLUNA Á NÁMSKEIÐINU

Meiri áhersla á málfræði, útskýra betur hvernig málfræðin virkar sem kerfi.

Það er engin þýðing á málfræði á pólsku. Mikilvægt er að kennarinn tali pólsku í hópum sem eru fyrir pólska nemendur. Útskýringar þurfa að vera til á pólsku varðandi ýmislegt.

Ekki blanda stigum. Hafa stöðupróf í upphafi til að raða niður. Það getur verið erfitt fyrir byrjendur og leiðinlegt fyrir lengra komna. Það má vera meiri áskorun fyrir þá sem eru komnir lengra.


Kennarinn tók mjög mikinn þátt í kennslustundunum. Kennarinn var vingjarnlegur og hvetjandi. Það var afslappað andrúmsloft og kennarinn reyndi eftir fremsta megni að svara öllum spurningum (svarið var ekki alltaf skýrt).

Gera þarf meiri kröfur til kennara. Kenna t.d. hvernig á að bera fram stafrófið sem var ekki gert.

Kennari ætti að halda áfram með efnið í stað þess að sóa tíma í nemendur sem gefa námskeiðinu engan gaum.

Þeir sem eru ekki skrifandi mættu fà fleiri tíma.

ÍSLENSKUNÁMSKEIÐIÐ



Mynd 5. Viðhorf þátttakenda til íslenskunámskeiðsins og hvernig það hefur nýst þeim

Spurt var hvort námskeið hefði verið gagnlegt og skemmtilegt. Því voru þátttakendur almennt sammála; mikill meirihluti taldi það hafa verið skemmtilegt (91%), og meirihluti taldi það hafa nýst sér í leik og starfi.

Spurt var um helstu kosti námskeiðsins og komu fjölmargar athugasemdir fram. Nemendur voru mjög ánægðir með að fá tækifæri til að hitta aðra í sömu sporum og töluðu um að ákveðið samfélag myndist í hópnum. Þeir bættu orðaforða sinn og lærðu gagnlegar setningar. Þátttakendur lýstu því að sjálfstraust þeirra hefði aukist og þeir hefðu meira hugrekki til að nota íslensku. Margar athugasemdir komu varðandi kennsluna og hversu jákvæðir og afslappaðir kennararnir væru.

Tafla 5. Athugasemdir svarenda varðandi kosti íslenskunámskeiðsins

HVERJIR VORU HELSTU KOSTIR ÍSLENSKUNÁMSKEIÐANNA?

Að kynast nýju fólki og æfa sig í að tala við aðra. Tækifæri til að ræða á íslensku við annan þátttakanda á námskeiðinu.

Skil ekki neitt vegna þess að ég kann ekki tungumálið eða ensku

Eykur sjálfstraust. Hugrekki til að tala meira á íslensku og læra meira á íslensku. Umhverfi þar sem maður er öruggur að æfa sig. Enginn dæmir. Jafnrétti.

Skemmtilegir tímar. Leikir. Alls konar aðferðir.

Góður kennari sem hafði afslappað andrúmsloft og áhuga á nemendum.

Læra um íslenskt samfélag. Landnemaskólinn var sérlega gagnlegur. Lög, réttindi, kerfið.

Bæta orðaforða. Læra einfaldar setningar. Læra einfalda frasa eins og kveðjur. Framburður.

Svarendur voru einnig spurðir hvað mætti bæta og komu fram fjölmargar ábendingar sem þó voru flestar nokkuð samhljóða. Nemendur voru ósáttir við að blanda saman getustigum og vilja ekki vera í þannig tímum, þeir telja að betra væri þá að reyna að einstaklingsmiða námið. Þeir vilja líka sjá meiri samfellu en oft líður of langur tími milli námskeiða. Sumir telja kennsluna óskipulagða og vilja halda sig við kennslubókina og vilja fá betri kennslu í málfræði.

Tafla 6. Athugasemdir svarenda varðandi það sem má betur fara á íslenskunámskeiðum

HVERNIG MÁ BÆTA ÍSLENSKUNÁMSKEIÐIN?

Mikilvægt er að huga að því hvernig má halda áfram og læra meira. Bæði að ná oftari í hópa á framhaldsstigi og hafa aðgang að námsefni og fjölbreyttum námsleiðum eftir að hafa lokið hefðbundnum námskeiðum sem nú eru í boði. Það þyrfti að vera aðgengilegt efni fyrir þá sem eru komnir lengra.

Óskipulögð kennsla. Það er slæmt að stökkva um kennslubókina og klára ekki kafla eða efni.

Alls ekki blanda saman getustigum. Sumir eru langt á eftir og það væri gott ef hægt væri að hafa meira af einstaklingsverkefnum.

Meiri málfræði. Kennarar eru áhugalausir um málfræði og svara illa spurningum um málfræði.

Ég lærði ekki nóg til að geta skrifað einfaldar setningar. Forsetningar eða samtengingar voru ekki skýrðar nógu vel og ekki tekinn nógur tími fyrir það. Meiri ritun.

Mjög slæmt að oft er langt á milli námskeiða.


Það þarf miklu meira af talæfingum. Æfa þarf meira framburð. Meira af hópavinnu.

Stundum er farið of hratt yfir, kennari talar of hratt og skrifar of hratt niður á töflu og erfitt að ná að glósa.

Íslenskan ætti að vera kennd af einstaklingi sem kann vel íslensku og pólsku, því íslenskukennarinn kann ekki að útskýra á pólsku og við skiljum ekki. Það þarf að vera til námsefni sem útskýrir íslensku á pólsku. Það er ekkert efni til á pólsku um íslenska málfræði.

Fá Íslendinga í heimsókn inn í tímana til að hægt sé að æfa sig í samtölum.


ÉG HEF LÆRT UM



Mynd 6. Sjálfmetin samfélagsþekking nemenda á íslenskunámskeiði

Spurt var hvort þátttakendur hefðu bætt við þekkingu sína á samfélaginu; íslensku samfélagi almennt og svo austfirsku samfélagi. Tæp 60% töldu sig hafa lært um austfirskt samfélag og menningu á námskeiðinu og um 75% sögðust hafa lært um íslenskt samfélag og menningu.


ÉG HEF BÆTT MIG Í



Mynd 7. Sjálfmetinn árangur nemenda á íslenskunámskeiði

Þátttakendur voru beðnir um að meta árangur sinn á íslenskunámskeiðum varðandi orðaforða, málfræðikunnáttu, hlustunarskilning og ritunarhæfni.


ÉG HEF BÆTT MIG Í



Mynd 8. Sjálfmetinn árangur nemenda á íslenskunámskeiði

Ef matið er flokkað niður á svarmöguleikana sammála og ósammála er niðurstaðan enn skýrari og það kemur fram að nemendur bæta verulega orðaforða og hlustunarskilning að eigin mati. Varðandi málfræði þekkingu og ritun er þriðjungur sem telur að hann hafi ekki bætt sig.


ÉG GET



Mynd 9. Sjálfsmat á stöðu þátttakenda varðandi íslenskukunnáttu

Svarendur voru beðnir að meta stöðu sína í íslensku varðandi ritun, lestur og samskipti, annars vegar varðandi einföld grunnatriði og hins vegar varðandi flóknari hluti. Flestir töldu sig geta lesið sér til gagns varðandi einfaldar leiðbeiningar, auglýsingar og tilkynningar og tæpur helmingur telur sig geta lesið sér til gamans. Þá er átt við flóknari samsfellda texta t.d. í bókum og dagblöðum. Um 60% geta tekið þátt í daglegum samtölum eða skrifað einfaldan almennan texta um daginn og veginn, en lægra hlutfall telur sig geta tekið þátt í sérhæfðum samtölum eða skrifað sérhæfðan texta.

ÉG GET



Mynd 10. Sjálfsmat á stöðu þátttakenda varðandi íslenskukunnáttu

Ef matið er flokkað niður á svarmöguleikana, sammála og ósammála, er niðurstaðan enn skýrari og þá sést að aðeins um fjórðungur telur sig geta skrifað nokkuð flókinn texta og tekið þátt í sérhæfðum samtölum s.s. samtölum um fjármál eða í heilbrigðisþjónustu.

Niðurstöðurnar voru keyrðar eftir bakgrunnsbreytum og kom fram að þeir sem hafa pólsku að móðurmáli eru ekki eins ánægðir og aðrir og læra ekki eins mikið. Þetta styður það að sá hópur sé nokkuð sérstakur og þarf einhverja aðra nálgun eins og kemur fram í athugasemdum þeirra. Nokkur munur eftir menntun þó ekki afgerandi marktækur, þeir sem eru meira menntaðir telja sig hafa lært meira á námskeiðum en þeir sem hafa lægra

menntunarstig en þeir eru einnig gagnrýnni á framkvæmd og skipulag námskeiðanna. Ekki var munur eftir tíma það er að segja eftir því á hvaða tímabili nemendur voru í íslenskunámi. Munur var til staðar ef greint var eftir stöðum en hann var ekki afgerandi en marktækur varðandi ánægju með skipulag, skiptingu eftir getustigi og til þess hve mikið nemendur töldu sig hafa bætt getu sína.

Umræður og ályktanir

Niðurstöður gefa til kynna að þátttakendur eru almennt ánægðir með íslenskunámskeiðin, framkvæmd þeirra, skipulag, námsgögn og námsmat. Margir voru mjög ánægðir með tímasetninguna og töldu ágætt að mæta seinnipart og á kvöldin en fleiri athugasemdir voru á þá leið að betra væri ef námskeiðin gætu tengst betur vinnudeginum t.d. í hádeginu eða í kaffitímum á morgnana. Erfitt væri að setjast á skólabekk á kvöldin eftir langan vinnudag.

Nemendur komu með þó nokkrar athugasemdir um að kennari færi óskipulega gegnum efnið og vildu sjá betra og formfastara skipulag og minntust þar á að fara gegnum kennslubókina á skipulagðari hátt og greina betur milli efnis í bók og viðbótarefnis frá kennara. Margir óska eftir meira og betra efni um málfræði og telja sig ekki fá nægjanlega góða leiðsögn þar, jafnvel aukafni um málfræði til viðbótar við kennslubókina. Ennfremur óska nemendur eftir fleiri samtalsæfingum og jafnvel fleiri skriflegum verkefnum og heimaverkefnum. Spurt var um viðhorf nemenda til námsmats á íslenskunámskeiðum og komu fram þó nokkuð margar athugasemdir sem flestar gengu út á það sama, að það væri gagnlegt að hafa próf, bæði lokapróf og stöðupróf gegnum námskeiðið. Sumir þátttakendur myndu gjarnan vilja geta sýnt fram á árangur sinn og stöðu hjá vinnuveitanda eða á vinnumarkaði og fá þá einkunnir og stöðumat. Einnig komu fram ábendingar um að nemendur sem ekki ná markmiðum námskeiðs ættu að sitja það aftur.

Almennt telja þátttakendur að námskeiðin mæti þeirra getustigi þó nokkrir telji að getuskipta þyrfti betur og leyfa smærri hópa. Hluti af pólsku nemendunum telur það vænlegan kost að fá pólskumælandi kennara en slíkar athugasemdir komu ekki upp hjá neinum öðrum hópi. Fjölmargar ábendingar komu fram varðandi það að mikilvægt væri að fá kennara og skýringar á pólsku, sérstaklega varðandi málfræði. Nemendur bentu einnig á að enska ætti ekki að vera kennslutungumál og mikilvægt að nemendur sem ekki skilja neina ensku séu saman í hópi.

Nemendur voru spurðir hvort þeim hefði þótt kennslan á námskeiðinu hæfa sínu getustigi þ.e. hvort kennari og eða námsefni hefði komið til móts við þeirra getu. Meirihluti taldi svo vera eða rúm 75%. Í gegnum athugasemdir má lesa að það sem helst þarf að bæta varðandi þennan þátt er samsetning hópa og miðlun efnis.

Þátttakendur töldu námskeiðin almennt skemmtileg og gagnleg í leik og starfi. Nemendur voru mjög ánægðir með að fá tækifæri til að hitta aðra í sömu sporum og töluðu um að ákveðið samfélag myndist í hópnum. Þeir bættu orðaforða sinn og lærðu gagnlegar setningar. Þátttakendur lýstu því að sjálfstraust þeirra hefði aukist og þeir hefðu meira hugrekki til að nota íslensku. Margar athugasemdir komu varðandi kennsluna og hversu jákvæðir og afslappaðir kennararnir væru.

Þátttakendur telja sig fá ágæta fræðslu um íslenskt samfélag og rúmlega helmingur telur að fræðsla um austfirskt samfélag sé góð. Stærstur hluti þátttakenda bætir mjög orðaforða og hlustunarskilning en þriðjungur taldi sig ekki hafa bætt málfræðikunnáttu eða ritun. Flestir þátttakendur meta eigin stöðu í íslensku þannig að þeir geti tekið þátt í samtölum um einföld dagleg mál, geti ritað einfaldan texta og geti lesið sér til gagns. Minnihluti telur sig hafa færni í að skilja sérhæfð samtöl eða getað ritað flóknari texta.

Svarendur voru beðnir að meta stöðu sína í íslensku varðandi ritun, lestur og samskipti, varðandi annars vegar einföld grunnatriði tungumálsins en hins vegar flóknari málnotkun. Flestir töldu sig geta lesið sér til gagns einfaldar leiðbeiningar, auglýsingar og tilkynningar og tæpur helmingur telur sig geta lesið sér til gamans en þá er átt við flóknari texta s.s. bækur og dagblöð. Um 60% geta tekið þátt í daglegum samtölum eða skrifað einfaldan texta en lægra hlutfall telur sig geta tekið þátt í sérhæfðum samtölum eða skrifað sérhæfðan texta. Aðeins um fjórðungur telur sig geta skrifað nokkuð flókinn texta og tekið þátt í sérhæfðum samtölum s.s. samtölum um fjármál eða heilbrigðisþjónustu.

Næstu skref varðandi þróun íslenskukennslu gætu falist í:

- Að gera undirnámskrá fyrir Austurbrú með skýrri stefnumörkun um markmið, kennsluleiðir og námsmat.
- Að gera kennarahandbók þar sem fram koma helstu upplýsingar um kennara, hvar er kennt, mismunandi kennsluaðferðir, miðlun upplýsinga til nemenda o.fl.
- Að búa þannig í haginn að námskeið verði í boði í flestum byggðakjörnum fjórðungsins
- Að auka samfellu og framboð námskeiða og finna leiðir til að fámennari hópar geti haldið áfram.
- Taka upp stöðupróf við upphaf náms og skipta nemendum í hópa eftir getu.
- Að taka upp próf eða námsmat sem gefur skýrt til kynna hvar nemandi stendur í íslensku m.t.t. skilnings, orðaforða, ritun og málfræði.
- Að nemendur sem ekki ná viðmiðum námskeiðs fái viðundandi stuðning og hvatningu til að leita leiða við að ná tilsettum markmiðum.
- Að gefa út skipulagða kennsludagskrá
- Að vera með aukaefni fyrir nemendur sem óska eftir slíku
- Að ráða fjölbreyttari hóp kennara með mismunandi bakgrunn og tungumálkunnáttu sem henta mismunandi hópum og einstaklingum.
- Að innleiða teymiskennslu þar sem tveir eða fleiri kennarar kenna valin námskeið saman og þá ýmist á sama tíma eða í sitt hvoru lagi. Þannig er hægt að einstaklingsmiða námið og koma betur til móts við fjölmargar óskir pólskumælandi nemendahópa um að kennslan fari að einhverju leiti fram á pólsku.

Viðauki – Spurningalisti

UM KÖNNUN

Þessi könnun er send til allra sem skráðir hafa verið á íslenskunámskeið hjá Austurbrú 2015 til 2021. Könnunin er einnig á ensku og pólsku ef þú vilt frekar taka hana á þeim tungumálum. Tilgangur könnunar er að meta árangur og framkvæmd þessara námskeiða til að viðhalda og efla það sem vel er gert og bæta það sem betur má fara. Þróunarvinna og endurmat stendur yfir þar sem markmiðið er að þróa námsefni og aðferðir sem meðal annars verða gagnvirkar og skýrt stigskiptar. Því skipta viðhorf þín og álit sérstaklega miklu máli. Könnunin er algjörlega nafnlaus og ekki er hægt að rekja svör til einstakra persóna. Gögnin verða unnin sem heild en ekki sem einstök svör. Aðeins einn starfsmaður Austurbrúar hefur aðgang að gagnasafninu og sinnir úrvinnslu. Gætt er að sjónarmiðum persónuverndar og laga um persónuvernd í hvívetna. Svörun tekur að meðaltali 7-10 mínútur. Ef spurningar vakna varðandi könnunina máttu hafa samband við verkefnastjóra á sviði rannsókna og greiningarverkefna hjá Austurbrú, Tinnu Halldórsdóttur | tinna@austurbru.is

MAT Á FRAMKVÆMD ÍSLENSKUNÁMSKEIÐS HJÁ AUSTURBRÚ

Hér eru nokkrar spurningar um íslenskunámskeiðið sem varða kennsluna, skipulagið og framkvæmdina. Segðu okkur frá þínu álitni á þessum þáttum.

- 1. Á heildina litið hversu ánægð/ur ertu með íslenskunámskeiðið sem þú tókst hjá Austurbrú? Ef þú hefur tekið fleiri en eitt íslenskunámskeið skaltu meta þetta sem meðaltal fyrir þau námskeið.**
 - Mjög ánægð/ur
 - Frekar ánægð/ur
 - Frekar óánægð/ur
 - Mjög óánægð/ur
- 2. Hversu ánægð/ur ert þú með skipulagið á íslenskunámskeiðinu sem þú tókst hjá Austurbrú? Ef þú hefur tekið fleiri en eitt íslenskunámskeið skaltu meta þetta sem meðaltal fyrir þau námskeið.**
 - Mjög ánægð/ur
 - Frekar ánægð/ur
 - Frekar óánægð/ur
 - Mjög óánægð/ur
- 3. Hversu ánægð/ur varst þú með námsgögnin á íslenskunámskeiðinu? Með námsgögnum er átt við bækur og verkefni sem þú fékkst í náminu.**
 - Mjög ánægð/ur
 - Frekar ánægð/ur
 - Frekar óánægð/ur
 - Mjög óánægð/ur
- 4. Hvernig fannst þér staðið að mati á árangri (námsmati)?**
 - Mjög vel
 - Frekar vel
 - Frekar illa
 - Mjög illa
 - Á ekki við / Ekki framkvæmt námsmat
- 5. Kennslan hæfði mínu getustigi (kennari og/eða námsefnið hæfði þeirri getu/kunnáttu sem ég réð við).**
 - Frekar vel
 - Frekar illa
 - Mjög illa
- 6. Hvernig var þekking kennara á námsefninu?**
 - Mjög góð
 - Frekar góð

Frekar slæm
Mjög slæm

7. Hvernig var miðlun kennara á námsefninu?

Mjög góð
Frekar góð
Frekar slæm
Mjög slæm

8. Námskeiðið var skemmtilegt

Mjög sammála
Frekar sammála
Frekar ósammála
Mjög ósammála

MAT Á ÁRANGRI ÍSLENSKUNÁMSKEIÐS HJÁ AUSTURBRÚ

Hér er spurt um hvernig þú metur árangurinn af íslenskunámskeiðinu, hvernig það nýtist þér og hvað þú telur kosti þess og galla.

9. Hvernig hefur íslenskunámskeiðið nýst þér í daglegu lífi?

Mjög vel
Frekar vel
Frekar illa
Mjög illa

10. Hvernig hefur íslenskunámskeiðið nýst þér í starfi?

Mjög vel
Frekar vel
Frekar illa
Mjög illa

11. Vinsamlega leggðu mat á eftirfarandi út frá því sem þú lærðir á íslenskunámskeiðinu

Svarskali Á mjög vel við – Á frekar vel við – Á frekar illa við – Á mjög illa við

Ég bætti orðaforða minn á íslenskunámskeiðinu
Ég bætti málfræðikunnáttu mína á íslenskunámskeiðinu
Ég bætti hlustunarskilning minn á íslenskunámskeiðinu
Ég bætti ritun mína á íslenskunámskeiðinu
Ég lærði um íslenskt samfélag og menningu á íslenskunámskeiðinu
Ég lærði um austfirskt samfélag og menningu á íslenskunámskeiðinu

12. Vinsamlega leggðu mat á stöðu þína varðandi íslenskukunnáttu

Svarskali Mjög sammála Frekar sammála Frekar ósammála Mjög ósammála

Ég get lesið mér til gagns á íslensku
Ég get lesið mér til gamans á íslensku
Ég get tekið þátt í daglegum samtölum á íslensku
Ég get tekið þátt í sérhæfðum samtölum á íslensku
Ég get skrifað einfaldan texta á íslensku
Ég get skrifað nokkuð flókinn texta á íslensku

13. Hvernig væri hægt að auka árangur af íslenskunámskeiðum? Skrifaðu athugasemdir við allt sem við á og bættu við því sem þér dettur í hug.

Skipulagið
Námsefnið
Kennslan
Mat á árangri/Námsmat

Tímalengdin
Tímasetningin

14. Hverjir voru kostir námskeiðsins; hvað var best?

15. Hverjir voru gallar námskeiðsins; hvað má bæta?

16. Aðrar athugasemdir sem þú vilt koma fram með varðandi íslenskunámskeið hjá Austurbrú?

BAKGRUNNSPURNINGAR

17. Hvenær varst þú í íslenskunámi hjá Austurbrú (merkту við allt sem við á ef þú hefur verið oftari en einu sinni)

2015
2016
2017
2018
2019
2020
2021

18. Hvaða stig tókst þú í íslensku (merkту við allt sem við á ef þú hefur tekið fleiri en eitt stig)

Íslenska 1
Íslenska 2
Íslenska 3
Íslenska 4
Landnemaskólinn

19. Á hvaða stað varst þú í íslenskunámi?

Vopnafirði
Egilsstöðum
Seyðisfirði
Borgarfirði
Reyðarfirði
Fáskrúðsfirði
Neskaupstað
Djúpavogi

20. Hvert er þitt móðurmál?

Enska
Pólska
Norðurlandamál (danska, sænska, norska, færeyska)
Þýska
Spænska
Filippseyska
Annað tungumál frá Austur Evrópu
Annað tungumál frá Vestur Evrópu
Annað tungumál frá Asíu
Annað tungumál frá Afríku

21. Hvert er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?

Grunnskólapróf
Framhaldsskólapróf (stúdent eða iðnpróf)
Háskólapróf á grunnstigi
Háskólapróf á meistara eða doktorsstigi
Annað